

Hluti af vefþjónustum í Gagnaveitu Vegagerðarinnar er á Geoserver (<https://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?>). Hægt er að tengjast vefþjóni með forritum eins og ArcGIS eða QGIS, en einnig er hægt að sækja gögnin beint á vefþjóninn. Hægt að er að kalla eftir þeim á mismunandi sniði. Á heimasíðu Geoserver (<http://geoserver.org/>) má finna ítarlegar upplýsingar um hvernig kallað er á vefþjónustur með parametrum.

Umferðarteljarar

Þjónustan inniheldur staðsetningu á umferðarteljrum og -greinum sem skila af sér upplýsingum sjálfvirkt. Þeim fylgja upplýsingar um fjölda ökutækja sl. 15 mínútur og frá miðnætti, fram til þess tíma sem upplýsingar hafa síðast borist Vegagerðinni, daginn sem kallað er á þjónustuna. Einnig fást upplýsingar um fjölda ökutækja á sólarhring síðustu 7 daga.

Hér er dæmi um hvernig má kalla á vefþjónustuna gis:umferdvika_2021_1 fyrir umferðarteljarana. Sjálfgefið snið á þjónustunni er GML2 og í hnitakerfi ÍSN93:
https://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:umferdvika_2021_1

Hægt er að bæta við parametrum:

Hnitakerfi

srsName=EPSG:3057 (ÍSN93)

srsName= EPSG:4326 (WGS84)

Skilyrði, t.d.:

cql_filter=IDSTOD=912

Gagnasnið

outputFormat=GML2: WFS 1.0.0

outputFormat=GML3: WFS 1.1.0

outputFormat=shape-zip: Þjöppuð shape skrá (ZIP)

outputFormat=application/json: json

outputFormat=text/javascript

outputFormat=csv: Comma Separated Values

Dæmi um kall í vefþjónustuna þar sem beðið er um ákveðinn talningarstað (cql_filter=IDSTOD=912) í vörpun WGS84 (srsName= EPSG:4326) og á json formati (outputFormat=application/json):

https://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:umferdvika_2021_1&cql_filter=IDSTOD=912&srsName=EPSG:4326&outputFormat=application/json

Eigindi fyrir umferðarteljara (gis: umferdvika_2021_1)

| Heiti | Tag | Lýsing | Dæmi(json) |
|-------------------|--------|---|-------------------------|
| OBJECTID | INT | Einkvæmt númer fyrir mælipunkt. Ef um er að ræða stefnugreinda umferð þá er mismunandi númer fyrir hvora stefnu | 100912 |
| IDSTOD | INT | Númer fyrir talningarstað. Ef um stefnugreinda umferð er að ræða þá getur IDSTOD komið fyrir tvisvar sinnum | 912 |
| NAFN | STRING | Heiti á talningarstað | Gufuá |
| STEFNA | INT | Stefna umferðar sem mæld er | Til norðurs |
| UMF_15MIN | INT | Fjöldi ökutækja sl. 15 mínútur | 4 |
| MEDALHRADI_15MIN | INT | Meðalhraði (km/klst) sl. 15 mínútur* frá þeim tíma sem nýjustu gögn bárust. | null |
| UMF_I_DAG | INT | Fjöldi ökutækja frá miðnætti | 61 |
| DAGS_SIDUSTUGAGNA | DATE | Dagsetning og tími nýjustu gagna sem hafa borist. | 2021-12-17T09:00:00Z |
| UMF_DAGUR1 | INT | Umferð í gær, fjöldi ökutækja | 754 |
| DAGS_DAGUR1 | DATE | Dagsetning gærdags | 2021-12-16T23:59:59Z |
| UMF_DAGUR2 | INT | Umferð í fyrradag, fjöldi ökutækja | 806 |
| DAGS_DAGUR2 | DATE | Dagsetning fyrradags | 2021-12-15T23:59:59Z |
| UMF_DAGUR3 | INT | Umferð fyrir 3 dögum, fjöldi ökutækja | 759 |
| DAGS_DAGUR3 | DATE | Dagsetning 3. dags | 2021-12-14T23:59:59Z |
| UMF_DAGUR4 | INT | Umferð fyrir 4 dögum, fjöldi ökutækja | 915 |
| DAGS_DAGUR4 | DATE | Dagsetning 4. dags | 2021-12-13T23:59:59Z |
| UMF_DAGUR5 | INT | Umferð fyrir 5. dögum, fjöldi ökutækja | 895 |
| DAGS_DAGUR5 | DATE | Dagsetning 5. dags | 2021-12-12T23:59:59Z |
| UMF_DAGUR6 | INT | Umferð fyrir 6. dögum, fjöldi ökutækja | 640 |
| DAGS_DAGUR6 | DATE | Dagsetning 6. dags | 2021-12-11T23:59:59Z |
| UMF_DAGUR7 | INT | Umferð fyrir 7. dögum, fjöldi ökutækja | 1255 |
| DAGS_DAGUR7 | DATE | Dagsetning 7. dags | 2021-12-10T23:59:59Z |
| MAELISTOD_TEGUND | INT | Tegund mælistöðvar, til eru nokkrar gerðir fyrir teljara | 2 |
| SHAPE | | Hnit teljara | [366469.837,460325.488] |

* Meðalhraði (km/klst) ökutækja sl. 15 mínútur er gefinn upp með eigindi MEDALHRADI_15MIN. Meðalhraði er eingöngu reiknaður þar sem umferð er mæld með umferðargreini.

Gildi fyrir eigindi **MAELISTOD_TEGUND** eru föst en ekki er útilokað að fleiri tegundir teljara geti bæst við í framtíðinni:

- 1: Veðurstöð (umferðarteljarinn er í veðurstöð)
- 2: Umferðarteljari
- 4: Umferðargreinir

Gildi fyrir eigindi **STEFNA** geta verið mismunandi en þar koma fram upplýsingar um stefnu umferðar sem mæld er. Ef um stefnugreinda umferð er að ræða þá er ýmist gefin upp áttin fyrir umferðina t.d. „Til norðurs“ eða hún er gefin til kynna hvort hún sé til eða frá ákv. stað, t.d. „Frá Þingvöllum“. Ef um samanlagaða umferð í báðar áttir er að ræða þá kemur textinn „Samanlögð umferð óháð stefnu“, einnig getur komið textinn „Samanlög umferð óháð stefnu (og tilgreindur ákv. vegur)“

Ef það vantar upplýsingar um fjölda ökutækja (null) þá hafa nýjar upplýsingar ekki borist frá teljara vegna bilunar eða þá að ekki næst samband við hann.